

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs vegna uppsafnaðs vanda Íbúðalánasjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(ÓBK, ÞorstV, BN, BHar, ÓGunn, JFF).

- Við 2. mgr. 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kveðið skal á um áhættustefnu sjóðsins til að stuðla að þessu markmiði í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 6. gr.
- Við 2. gr.
 - Í stað orðanna „er heimilt að“ í 1. másl. komi: skal.
 - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnarmenn í verkefnisstjórn skv. 1. mgr. skulu skipaðir til þriggja ára í senn að hámarki. Þeir skulu uppfylla hæfisskilyrði stjórnarmanna lífeyrissjóða, sbr. 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, eftir því sem við getur átt. Þá skal a.m.k. einn stjórnarmanna hafa sérþekkingu á ríkisfjármálum.
- Við 5. mgr. 3. gr. bætist tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í skýrslunni skal m.a. fjallað um áhættu- og eignastýringarstefnu sjóðsins og hvernig til hafi tekist um ávöxtun eigna hans. Skýrsluna skal ræða í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.
- Við 4. gr.
 - Í stað orðanna „af því tagi“ í 1. másl. 2. mgr. komi: í tengslum við verk.
 - Í stað „1. mgr.“ í 3. mgr. komi: 2. mgr.
- Í stað orðanna „kostnaður sem hlýst af því“ í 5. gr. komi: sem nemur kostnaði við.
6. gr. orðist svo:

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um áhættuvilja og áhættu-
stýringu ÍL-sjóðs, hvernig eignastýringu sjóðsins og eftirliti skuli háttað og um hlutverk
verkefnisstjórnar. Í reglugerð skal jafnframt kveðið á um hvernig opinberri upplýsinga-
gjöf til verðbréfamarkaðar skuli háttað og um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti
innherja.
- Við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra skal skipa verkefnisstjórn í fyrsta sinn fyrir 1. apríl 2020.
Skýrsla ráðherra til Alþingis fyrir árið 2021, sbr. 5. mgr. 3. gr., skal innihalda um-
fjöllun um þá vinnu sem farið hefur fram um endurskoðun laganna.
- Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: **Frumvarp til laga um úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.**